

## Að kenna hegðun

Nokkur mikilvæg atriði

Reglur eru orðaðar jákvætt

Reglur eru vel sýnilegar á öllum svæðum; göngum, kennslustofum, handbókum, áætlunum o.s.frv.

Reglur þarf að kenna og rifja upp a.m.k. 10-20 sinnum á ári

Til að hámarka árangur þarf að vera til staðar skipulagt kerfi á því hvernig skuli styrkja jákvætt og viðurkenna fyrir það að fylgja reglunum.

Þegar skólinn hefur skilgreint hegðunarvæntingar fyrir allan skólann er nauðsynlegt að kenna þær. Margir nemendur hafa ekki lært grundvallarsamskiptareglur þegar þeir koma í skóla. Sumir hafa lært að leysa úr ágreiningi með ofbeldi og aðrir hafa ekki lært að fylgja fyrirmælum. Það er því nauðsynlegt að taka strax af skarið og kenna markvisst hvaða hegðunar er vænst í skólanum.

Setjið niður kennsluáætlun fyrir kennslu á reglum þar sem fram kemur hvaða reglur, hvar og hvenær. Þessi áætlun ætti að vera aðgengileg öllu starfsfólki og teymi þarf jafnframt að minna á og hvetja starfsfólk.

Við kennslu er höfuðáhersla lögð á hin stóru gildi (t.d. virðing, ábyrgð, vinátta) og skipulag reglufylkis. Aðferðir við að kenna og viðhalda félagslegri hegðun eru þær sömu og notaðar eru við lestrarkennslu, kennslu í reikningi, efnafræði, tónmennt o.s.frv.

- Kennið með því að nota mörg dæmi
- Kennið þar sem vandamál hafa komið fram
- Gefið mörg tækifæri til að æfa hegðunina
- Notið gagnlegar leiðréttingar
- Notið jákvæða viðgjöf
- Fylgist með árangri

Kennsla felur í sér að fara yfir og sýna, rifja upp og æfa það sem á að gera, nota tíða viðgjöf til að leiðrétta og sýna velpóknun. Til að fullvissa sig um að nemendur skilji regluna örugglega þarf að gefa dæmi um hegðun sem fellur undir regluna og hegðun sem gerir það ekki. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða hegðun þar sem mörkin geta verið óljós. Til dæmis þegar reglan; *Fylgið fyrirmælum fullorðinna strax* er kynnt, verður að sýna nemendum hvernig það er gert rétt (strax) og dæmi um hvernig það er gert rangt, t.d. of hægt eða kvartandi.



Reglufylki og kennsluleiðbeiningar hanga saman. Það er mjög mikilvægt að tengingin sé gerð skýr og einnig að **ef gerðar eru breytingar á fylki þarf að uppfæra kennsluleiðbeiningar.**

Dæmi um kennsluleiðbeiningu

### 1. skref: Kynnið regluna –

- A. Gerið grein fyrir áherslu kennslunnar. “Nú ætlum við að læra um öryggi í skólanum”
- B. Athugið skilning nemenda. “Hvað ætlum við að læra um núna?”
- C. Skilgreinið hugtakið t.d.

**Öryggi merkir að vera ekki í hættu á að skaða sig eða aðra**

Biðjið einhvern að sýna ykkur hvar regluna er að finna í fylkinu

### 2. skref: Gefið sýnidæmi um regluna

- D. Notið sýnikennslu, segið sögu eða ræðið jákvæð dæmi um að sýna regluna og dæmi um hegðun sem ganga gegn henni. Látið nemendur segja til um hvort dæmið falli undir regluna eða ekki

Biðjið 2 -3 nemendur að gefa dæmi um aðstæður þar sem þeir kunna að sýna regluna í hegðun og hvaða hegðun það er

- E. Ræðið um það hvernig hegðun gæti litið út sem gengur gegn reglunni
- F. Notið nokkur dæmi um aðstæður og fáíð nemendur til að segja hvernig hegðun sýni regluna og jafnvel hvar hana megi finna í fylkinu
  - Stefán var að leika sér í kastalanum. Kalli datt úr kastalanum og það blæddi úr honum. Hvað er öryggishegðun núna? (að ná í fullorðinn til að hjálpa)
  - Þú og vinir þínir eru á leiðinni á bókasafnið. Þú snýrð þér til að tala við Jóa sem er bak við þig á meðan þið gangið. Þú sást ekki Þórð og þið rekist saman. Hvað er örugg hegðun? (að snúa sér fram þegar maður gengur)
  - Júlía var að borða hádegismatinn sinn. Sara var að sparka í hana undir borðinu. Hvað er örugg hegðun? (að halda höndum og fótum fyrir sig)
  - Tinna og Laufey eru að sippa. Tinna fer að sveifla sippubandinu í hringi fyrir ofan höfuðið. Hvað er örugg hegðun hér? (að nota áhöld með viðeigandi hætti.)

### 3. skref: Eftirlit og viðgjöf

- G. Ræðið dæmi

1. Biðjið nemendur að **segja frá eða sýna** hvernig þeir sýnt regluna

2. **Hvetjið** og styðjið viðeigandi umræðu og viðbrögð. Lágmarkið athygli fyrir óviðeigandi svör

- H. Notið raunveruleg dæmi og aðstæður í bekkjarumræðu

1. Rétt áður en bekkurinn yfirgefur stofuna vegna verkefna utan hennar, biðjið þá að lýsa því hvernig þau geti sýnt regluna (**áminning**)

2. Þegar þú sérð nemanda/nemendur sýna reglu- hegðun, hrósaðu þeim, **notaðu lýsandi hrós** (lýstu hegðuninni sem þú ert að hrósa fyrir)

3. Þegar þú sérð nemanda/nemendur sem eru ekki að sýna reglu-hegðun, stöðvaðu þá, **nefndu regluna og leiðbeindu**, biddu nemandann/nemendurna að lýsa eða sýna vænta hegðun, horfðu á þá og gefðu samstundis viðeigandi viðgjöf.